

**Ed.**

**431. Nefndarálit**

[128. mál]

um frv. til laga um búfjárhald í Reykjavík.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og leitað um það álit Búnaðarfélags Íslands, lögreglustjórans í Reykjavík, garðyrkjustjóra Reykjavíkurborgar og Fjáreigendafélags Reykjavíkur. Jákvæðar umsagnir bárust frá þessum aðilum öðrum en Fjáreigendafélaginu, sem er frv. andvígt.

Þá hafa nefndinni borizt erindi frá bæjarráðum Akureyrar og Kópavogs og bæjarstjórn Hafnarfjarðar þess efnis, að frv. verði einnig látið ná til þeirra kaupstaða. Er nefndin sammála um að verða við þeim erindum og flytur í samræmi við það breytingartillögur við frv. á sérstöku þskj.

Þrír nefndarmenn, JÐ, KK og ÁB, lýstu því yfir í nefndinni, að þeir mundu flytja brtt. varðandi 2. gr. frv.

Að öðru leyti leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 7. apríl 1964.

Jón Þorsteinsson,  
form.

Ásgeir Bjarnason,  
með fyrirvara.

Auður Auðuns,  
fundaskr., frsm.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Karl Kristjánsson,  
með fyrirvara.